

---

## Minnisblað

Dagsetning: 27. júlí 2020  
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir  
Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra  
Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi breytingu á fyrri ákvörðun um afléttingu fjöldatakmarkana og rýmkun opnunartíma skemmtistaða vegna COVID-19 eftir 4. ágúst 2020.**

---

Þann 17. Júlí 2020 lagði ég til að fjöldatakmarkanir vegna COVID-19 yrði breytt úr 500 í 1.000 einstaklinga þ. 4. ágúst n.k. og að opnunartími skemmti- og vínveitingastaða yrði rýmkaður til kl. 24:00. Samkvæmt auglýsingu ráðuneytisins var ákveðið að þessar breytingar myndu taka gildi eins og lagt var til.

Á undanförunum dögum hefur orðið sú breyting á faraldsfræði COVID-19 hér á landi að innflutt smit hafa greinst hér í vaxandi mæli og dreifing hefur orðið innalands. Enginn hefur hins vegar veikst alvarlega og enginn hefur lagst inn á sjúkrahús. Um 200 einstaklingar hafa þurft að sæta sóttkví vegna þessara smita.

Í ljósi þessa þá tel ég að fara þurfi með gát varðandi ofangreindar tilslakanir á fjöldatakörnunum og opnunartímatíma skemmti- og vínveitingastaða svo útbreiðsla faraldursins nái sér ekki frekar á strik.

Ég legg því til eftirfarandi:

- Breytingum á fjöldatakörkunum 500 einstaklinga í 1.000, verði frestað til 18. ágúst
- Breytingum á opnunartíma skemmti- og vínveitingastaða úr kl. 23:00 í 24:00 verði sömuleiðis frestað til 18. ágúst.

Með kveðju

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir